

FUNDARGERÐ

252. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps

Árið 2020, þriðjudaginn 31. mars, kom fræðslunefnd Mýrdalshrepps saman til fjarfundar kl. 16:00.

Fundinn sátu: Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Karl Pálason, Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Þorbjörg Kristjánsdóttir og Þórey Richardt Úlfarsdóttir sem ritaði fundargerðina í tölvu

Að auki sátu fundinn: Þorbjörg Gísladóttir sveitastjóri, Sveinn Sigurðsson áheyrnafulltrúi leikskóla og Ólafur Ögmundsson áheyrnafulltrúi skóla. Elín Einarsdóttir skólastjóri, Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólastjóri, Brian R. Harolds Tónskólastjóri. Kolbrún Hjörleifsdóttir áheyrnafulltrúi kennara og Dagný Rut Gretarsdóttir áheyrnafulltrúi kennara á Mánalandi.

Formaður setti fundinn kl: 16:03 og stjórnaði honum.

16:00 Grunnskóli, Skólastjóri fer yfir starfsemi skólans.

Skýrsla í viðhengi 1

- i) Covid- 19 setti svip sinn á skólahald og var haldin auka starfsdagur 16. mars til að fara yfir og gera áætlanir til að bregðast við tilmælum Almannavarna og heilbrigðiskerfisins. Viðbragðsáætlun var mótuð og bíður nú samþykkis skólaráðs. Reyndum að skerða kennslu sem minnst. Valgreinar voru teknar út.
- ii) Fjarkennsla hefur verið kynnt fyrir nemendum eldri bekkjardeilda ef til þess þyrfti að koma.
- iii) Skóladagatal fyrir næsta skólaár liggur fyrir og verður kynnt á næsta fundi.
- iv) Árshátíð Víkursskóla hefur verið felld niður vegna Covid-19.
- v) Teymisfundir sem áttu að vera 25. mars var frestað. Starfsfræðsluferð 10. bekkjar var einnig frestað.
- vi) Starfsmannamál standa óbreytt frá síðasta fundi, enn eru tveir starfsmenn í veikindaleyfi.
- vii) Auglýsa á í 1-2 kennarastöður fyrir næsta skólaár.
- viii) Nemendur hafa tekið vel í kröfur sem hafa verið settar varðandi hreinlæti og samskipti. Skólastjóri er ákaflega þakklátur fyrir starfsfólk Víkursskóla, allir hafa tekið þessum breytingum með jákvæðu hugafari og yfirvegum.

Til kynningar: Viðbragðsáætlun Víkursskóla 2020

Drög að Áfallaáætlun Víkursskóla.

Elín og Kolbrún yfirgefa fundinn kl 16:13.



16:14 Tónskóli, skólastjóri fer yfir starfsemi skólans.

Skýrsla í viðhengi 2

- i) Breytingar hafa verið á skólastarfi vegna Covid-19. Allir hóptímar liggja niðri. Aðgengi inn í tónskóla hefur verið heft fyrir óviðkomandi. Einkakennsla er enn í gangi. Fari nemandi eða starfsmaður í sóttkví verður leitast eftir að hafa fjarkennslu.
- ii) Degi tónskólans 15.febrúar 2020 var aflýst vegna ofsaveðurs.
- iii) Tónleikum með upptöku fyrir 8.-10.bekk sem átti að vera 13. mars var aflýst vegna Covid-13.
- iv) Miðannartónleikum sem áttu að vera 26.mars var aflýst vegna Covid-19.
- v) Tónlistakennslu í leikskóla var skipt upp í two hópa 2x í viku af ósk leikskólastjóra vegna Covid-19.
- vi) Árshátið Víkur skóla var frestað. Búið var að skrifa upp nótur og æfa 13 lög. Við hlökkum til að rifja þau upp við tækifæri og spila með nemendum.
- vii) Breyta þurfti kennslu fyrir nemendur tónskólans vegna breytinga á skólaakstri og stundaskrá Víkur skóla.
- viii) Mæting er enn góð í Tónskólanum hjá börnum og fullorðnum.
- ix) Námsmat sem haldið verður 13-15. maí verður mögulega tekið upp vegna ástands í þjóðfélaginu.

Til kynningar: Bréf sent foreldrum nemenda í tónskóla þann 18. mars s.l.

Bréf frá Heilbrigðisráðuneyti sent Sambandi sveitafélaga varðandi starfsemi tónskóla.

Brian yfirgefur fundinn kl16:23

16:24 Leikskóli: Skólastjóri fer yfir starfsemi skólans:

Skýrsla leikskólastjóra í viðhengi 3.

- i) Skipulagi var breytt þannig að börnum var skipt upp í 4 hópa og höfð hver í sinni stofu. Biðlað var til foreldra að einungis annað foreldrið myndi koma með barnið og sækja í leikskólann. Núna eru þau bara í 2 hópum vegna lítillar mætingar hjá börnum.
- ii) Verið var að breyta innanhússkipulagi, til að takmarka að fólk hittist.
- iii) Mikil veikindi hafa verið í barnahópnum, skæð magapest hefur verið að ganga.
- iv) Eitthvað er um að börnum sé haldið heima vegna covid-19.
- v) Einn starfsmaður var í sóttkví í 2 vikur en er kominn aftur til starfa.
- vi) 19 börn eru núna á leikskólanum, 2 börn eru á biðlista.
- vii) Óskað eftir breytingu á leikskóladagatali þar sem ferðinni til Brighton var frestað fram í til 2-6 október. Halda starfsdegi 8. apríl og færa þá sem áttu að vera 6. og 7. apríl yfir á 20. apríl og 5. maí. Þeir starfsdagar myndu nýtast í þróunarverkefni.

Karl vék af fundi





Í ljósi breyttra aðstæðna samþykkir meirihluti fræðslunefndar breytta starfsdaga.

Til samþykktar; starfsáætlun Mánalands 2019/2020.

Samþykkt samhljóða

Bergný og Dagný yfirgefa fundinn kl 17:02

17:03 Önnur mál

Fræðslunefnd vill nota tækifærið og þakka starfsfólki skólanna fyrir frumkvæði og fórnfús störf í þágu skólanna á þessum sérstökum tínum.

Fræðslunefnd bendir á að smíðakennslu hefur ekki verið sinnt við Víkurkóla undanfarin ár og kallar eftir því að auglýst verið laus staða smíðakennara við grunnskólann fyrir skólaárið 2020/2021.

Fundi slitið kl. 17:30

Anna Huld Óskarsdóttir

Karl Pálmasson

Salóme Þóra Valdimarsdóttir

Þorbjörg Kristjánsd.
Þorbjörg Kristjánsdóttir



Mýrdalshreppur

Þórey Richardt Úlfarsdóttir

Sveinn Sigurðsson

Ólafur Ögmundsson